



Tónlistarkennslan okkar

„Tónlist gerir börn greindari“

Öll börn í Uglukletti fara í sérstaka tónlistartíma einu sinni í viku auk þess eru elstu börnin, Fálkarnir, í kór vikulega. Í tónlistartímunum er börnunum skipt í hópa og eru yfirleitt um átta börn saman. Við höfum líka sérstakan söngseðil sem endurnýjast á tveggja vikna fresti. Söngurinn hljómar inn á öllum deildum og æfum lögin sem á seðlinum eru hverju sinni. Við syngjum síðan saman í vikulegri söngstund á föstudagsmorgnum og höfum gleði og gaman.

Með börnum fer tónlistariðkun fram sem leikur en í gegnum hann tengist barnið öðrum á eðlilegan og afslappaðan hátt. Í gegnum leikinn þjálfum við helstu grunnþætti tónlistar eins og hreinan söng, hljóðfæraleik, virka hlustun og hreyfingu í dansformi. Síðast en ekki síst opnum við fyrir þeim heim tónlistar til að gleðjast og njóta. Í hverjum tíma eru þessir grunnþættir hafðir að leiðarljósi. Unnið er eftir þroska barnanna til þess að örva sjálfstraust þeirra, þroska samhæfingu þeirra og samskiptahæfileika.

Við hættum ekki að njóta tónlistar á ýmsa vegu af því við verðum gömul heldur verðum við gömul af því að við hættum að leika okkur með tónlistinni